

# Stríðsáróður

Alþjóðasamningurinn um borgaraleg og stjórnmálaleg réttindi (SBSR) frá 1966 er einn helsti milliríkjasamningur um mannréttindi sem ríki heims, þ.m.t. Ísland, hafa komið sér saman um. Í 20. gr. samningsins er kveðið á um að banna skuli með lögum stríðsáróður og ýmsa aðra tjáningu sem hefðbundið er að flokka sem hatursorðræðu. Segja má tilurð ákvæðisins sé síðbúið viðbragð við áróðursmaskínu þriðja ríkisins.

Ýmis tjáning sem flokkast sem hatursorðræða hefur verið refsiverð að íslenskum rétti í nokkurn tíma. Auk þess hefur verið refsivert hérlendis frá árinu 2018 að hvetja á opinberum vettvangi með beinum hætti aðra til að fremja hópmorð (genocide). Stríðsáróður er aftur á móti ekki bannaður með lögum. Raunar er það svo að þegar íslenska ríkið fullgilti SBSR árið 1979 gerði það fyrirvara við ákvæði samningsins um stríðsáróður á þeim forsendum að það gæti skert tjáningarfrelsið. Gerðu norrænu ríkin öll slíkt hið sama. Það þýðir að bann við stríðsáróðri er ekki hluti af skuldbindingum Norðurlandanna samkvæmt SBSR og því hvílir ekki sérstök skylda á Íslandi eða hinum norrænu löndunum að banna slíkan áróður.

## Hvað er stríðsáróður?

Í þessu sambengi verður að spyrja hvað hugtakið stríðsáróður felur nákvæmlega í sér í skilningi SBSR. Um það hefur verið deilt en það er þó ljóst að í undirbúningsgögnum samningsins má sjá þann skilning að bein hvatning til stríðsátaka falli undir hugtakið. Í almennu áliti Mannréttindaneftndar Sameinuðu þjóðanna, frá 1983 um 20. gr. samningsins og túlkun hennar, kom fram að bannið við stríðsáróðri nái til allra forma af áróðri sem fela í sér hótun um valdbeitingu eða leiða til árásar eða friðrofs í ósamræmi við sáttmála hinna sameinuðu þjóða. Í því felst hins vegar ekki bann við að mæla



Bjarni Már Magnússon

fyrir um beitingu sjálfsvarnar í samræmi við fullveldisrétt ríkja, sem og sjálfsákvörðunarrétt og sjálfstæði þjóða. Í öðru slíku áliti nefndarinnar segir að bann við stríðsáróðri verði að samræmast þeim kröfum SBSR sem gerðar eru til skerðingar á tjáningarfrelsimu.

Mannréttindaneftnd SP hefur ítrekað lagt til við íslensk stjórnvöld að

» Ísland er meðal ríkja sem hafa komið sér hjá því að vera bundin við ákvæði alþjóðasamnings um stríðsáróður. Er tímaþætt að endurskoða þá afstöðu?

umræddur fyrirvari verði endurskoðaður en ekki hefur verið orðið við þeirri beiðni hingað til. Á síðasta ári var því hafnað skýrlega í skýrslu Íslands til nefndarinnar um stöðu mannréttindamála hérlendis.

## Gagnrýni á fyrirvarann

Í fræðiskrifum hefur tjáningarfrelsisröksemdin sem notað er til stuðnings fyrirvaranum verið gagnrýnd. Bent hefur verið á að hún eigi sér litla lögræðilega stöð og sé af pólitískum toga. Í þessu sambengi má hafa í huga að heimilt er að takmarka tjáningarfrelsið með lögum í þágu allsherjarreglu eða öryggis ríkisins, til verndar heilsu eða siðgæði manna eða vegna réttinda eða mannröðs annarra, enda teljist þær nauðsynlegar og samrýmist lýðræðishefðum. Væri ekki tilvalið umræðuefni á einhverjum af fjölmörgum samstarfsvettvöngum Norðurlandanna að ræða hvort breyttar aðstæður í heimsáttunum kalli á afturköllun fyrirvara þeirra um stríðsáróður?

Höfundur er prófessor við lagadeild Háskólans á Bifröst.